
70. Bjarni Benediktsson (Svar på spærgsmál)

Þakka þér fyrir. Ég tel að þú sért nú að vísa hérna í málefni sem nokkuð rík og breið samstaða er um á norðurslóðum, mikilvægi þess að leggja mikið af mörkum í þágu loftslagsmarkmiðanna og við höfum skuldbundið okkur, við Íslendingar, til þess að uppfylla allar alþjóðlegar kröfur og höfum reyndar sem ríkisstjórn verið með enn metnaðarfullri markmið en alþjóðlegar skuldbindingar okkar segja til um. Við höfum á sinn hátt líka haft ákveðið forskot vegna þess að við byrjuðum snemma í orkuskiptunum. Við getum sagt að það séu um hundrað ár síðan við byrjuðum í orkuskiptunum þegar við fórum að hitaveituvæða Reykjavík og losnuðum við kolaskýið sem var hér yfir öllu á þeim tíma, þannig að forskot okkar með nýtingu grænu orkunnar er töluvert mikið og við höfum haldið áfram að gangast undir alþjóðlegar skuldbindingar og teljum að í mjög mörgu séum við til fyrirmyndar.

Varðandi líffræðilegan fjölbreytileika munum við alltaf þurfa að leggja mat á það þegar um er að ræða nýjar skuldbindingar sem við tökumst á hendur hvaða líkur eru til þess að við getum staðið við þær skuldbindingar og ég hef góðar vonir til þess að við getum staðið fremst meðal þjóða í hópi annarra Norðurlanda hvað það snertir eins og á öðrum sviðum reyndar.

Skandinavisk översättning

Tack ska du ha! Jag tror att du här hänvisar till en fråga som det råder en ganska stark och bred konsensus om här i Norden, det vill säga vikten av ett starkt engagemang för klimatmålen, och vi har förpliktat oss, vi här på

Island, att uppfylla alla internationella krav, och som regering har vi faktiskt arbetat med ännu mer ambitiösa mål än vad internationella åtaganden kräver. Vi har också haft ett visst försprång i och med att energiomställningen tog fart hos oss mycket tidigt. Man kan säga att energiomställningen började redan för omkring hundra år sedan när geotermisk fjärrvärme började byggas upp i Reykjavik och vi blev kvitt kolröken som då täckte hela staden, så vårt försprång när det gäller användandet av grön energi är ganska stort, och vi har fortsatt att ställa oss bakom internationella åtaganden och anser oss vara en förebild i många avseenden.

När det gäller biodiversitet kommer det alltid att behövas, i samband med nya åtaganden, en bedömning av hur sannolikt det är att sådana åtaganden kommer att kunna uppfyllas, och jag hyser det hoppet att vi tillsammans med de andra nordiska länderna kan vara ledande på det här området som på så många andra.

Information

Talnummer

70

Type

Svar på spørsmål

Person

[Bjarni Benediktsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

29.10.24 16:35